



183 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 28. ágúst kl.10:00 í ráðhúsinu í Hvalfjarðarsveit.

Mætt voru; Guðveig Eyglóardóttir, Ragnar Sæmundsson, Einar Brandsson, Elín Gunnarsdóttir, Pétur Davíðsson, Sigurður Guðmundsson, Ingibjörg Steinudóttir, Jakob B. Jakobsson, Júníana Óttarsdóttir, Sigurbjörg Ottesen. Jósef Kjartansson tók þátt í fundinum á Teams. Auk þess sat Páll S. Brynjarsson fundinn og ritaði fundargerð.

Guðveig Eyglóardóttir, formaður SSV, setti fund kl.10:00

1. Fundargerð frá 182 fundi stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 182 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina

2. Aðsetur Náttúrufræðistofnunar á Vesturland

Framlögð drög að samstarfsyfirlýsingu við umhverfis, orku og loftlagsráðuneytið um aðsetur nýrrar Náttúrufræðistofnunar á Vesturlandi, en ráðherra hefur tekið ákvörðun um að höfuðstöðvar hennar verði á Vesturlandi. Stjórn ræddi drögin og lagði til breytingu á texta sem framkvæmdastjóra var falið að setja inn í drögin. Jafnframt var samþykkt að Haraldur Benediktsson bæjarstjóri á Akranesi tæki sæti í hópnum ásamt fulltrúa frá sveitarfélögunum á Snæfellsnesi.

3. Samgönguáætlun

Fyrir liggur að Umhverfis- og samgöngunefnd alþingis mun hefja vinnu við afgreiðslu samgönguáætlunar um leið og þing kemur saman þann 10. september n.k. Rætt um eftirfylgni með áherslum SSV varðandi breytingar á áætluninni. Í umræðu kom fram að á vettvangi sveitarfélaga á landsbyggðinni hefur verið rætt um að ríkið þyrfti að gera samgöngusáttmála við landshlutana líkt og gert er á höfðborgarsvæðinu. Jafnframt vakti Pétur Davíðsson máls því að reiknuð væri innviðaskuld ríkisins við Vesturland.

4. Sóknaráætlun 2025-2029

Framlagt til kynningar minnisblað um stöðu vinnu við Sóknaráætlun Vesturlands 2025-2029. Í minnisblaðinu var farið yfir framgang verkefnisins, en vinna að áætluninni er í höndum ráðgjafafyrirtækisins Úrbana og starfsfólks SSV. Íbúáþing um Sóknaráætlun Vesturlands mun fara fram 18 september n.k. í Hjálmakletti.

5. Ungmennáþing Vesturlands

Framlagt minnisblað um Ungmennáþing Vesturlands sem fer fram í Ölveri í Hvalfjarðarsveit dagana 25 til 27 október n.k. Stjórn tók undir hugmyndir skipuleggjanda um þátttöku kjörinna fulltrúa í ákveðnum dagskrárliðum hvatti til þess að öllum sveitarstjórnarfulltrúum á Vesturlandi og þingmönnum NV-kjördæmis verði boðið til þingsins.

6. Íbúakönnun landshlutanna

Lagt fram minnisblað um Íbúakönnun landshlutanna og hvernig sveitarfélögin á Vesturlandi geti nýtt sér hana í sinni vinnu. Vífill Karlsson hagfræðingur hjá SSV hefur boðist til þess að kynna niðurstöður könnunarinnar fyrir sveitarfélögum á Vesturlandi.

7. Breiðfjarðarverkefnið

SSV og Fjórdungssamband Vestfirðinga skiluðu af sér skýrslu um framtíð verndarsvæðis Breiðfjarðar til umhverfis, orku og loftlagsráðherra í júlí sl. Stjórn áréttaði þá skoðun sína að mikilvægt sé að tillögum skýrslunnar verði fylgt eftir af einurð.

8. Haustþing SSV 2024

Framlögð drög að dagskrá fyrir haustþing SSV 2024 mun fara fram í félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík miðvikudaginn 16. október n.k. Stjórn gerði ekki athugasemdir við fram komin drög og samþykkt að boðið verði upp á fundi vinnuhópa á Temas, líkt og gert hefur verið undanfarin ár, í aðdraganda þingsins.

9. Stafrænt ráð Sambands íslenskra sveitarfélaga

Á fundinn mætti Linda B. Pálsdóttir sveitarstjóri í Hvalfjarðarsveit og fulltrúi sveitarfélaga á Vesturlandi í stafrænu ráði Sambands íslenskra sveitarfélaga Þórdís Sveinsdóttir sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þær Þórdís og Linda kynntu það sem efst er á baugi í verkefninu Stafræn sveitarfélög, þær breytingar sem orðið hafa í starfsmannahaldi og skipulagi sem og þá verkþætti sem unnið er að og þá sem eru í farvatninu.

10. Hvalfjarðarsveit

Á fundinn mætir Linda B. Pálsdóttir sveitarstjóri í Hvalfjarðarsveit og fer yfir þau mál sem efst eru á baugi hjá Hvalfjarðarsveit. Íbúum í sveitarfélaginu hefur fjölgað mjög undanfarin ár og eru nú tæplega 800. Á sama tíma hefur verið mikil uppbygging húsnæðis í Melahverfi, Krosslandi og í dreifbýli. Sumarhús í sveitarfélaginu eru að nálgast 500. Þá er nýhafin bygging á íþróttahúsi við Heiðarskóla, markvisst hefur verið unnið að uppbyggingu göngu- og hjólastíga sem og útivistar- og leiksvæða. Fram undan er enn frekari uppbygging í Hvalfjarðarsveit.

Fundi slitið kl.13:00